

010/00 - M.b. Ragnar Björn KE-115

Ragnar Björn KE-115, hætt kominn við að losa línu úr festu

M.b. Ragnar Björn KE-115

Skipaskr.nr.: 7372

Smíðaður: í Danmörku 1992 úr trefjaplasti

Stærð: 6,85 brl; 4,95 bt

Lengd: 8,26 m **Breidd:** 2,66 m **Dýpt:** 1,75 m

Vél: Cummins 148,00 kW **Árgerð:** 1992

Annað:

Földi skipverja: 1

Atvikalýsing

Hinn 26. janúar 2000 var m.b. Ragnar Björn KE-115 að veiðum 10-12 sml norðnorð-vestur af Sandgerði. Veður: vestanátt 5 vindstig, kaldaskítur, þungur sjór af vestri.

Skipverjinn var að draga línuna þegar hún festist í botni. Skipstjórinn reyndi að losa línuna með því að sigla í hring. Var híft af fullu afli á línuvindu og lá línan beint niður með síðu bátsins. Við það hallaðist báturinn talsvert til stjórnborða. Skyndilega kom sjór yfir stefni bátsins sem braut tvo glugga á stýrishúsi og flæddi inn og yfir tæki og annað. Einnig kom talsverður sjór (saup vel) yfir borðstokk bátsins stjórnborðsmegin fyrir aftan stýrishúsið þegar aldan gekk yfir stefni bátsins.

Skipstjóri skar á línuna og hafði samband í talstöð við TFA og tilkynnti um ástand en talstöðin var eina tækið sem virkaði eftir að sjórinn braut gluggana og flæddi inn í stýrishúsið.

Tókst skipstjóra að sigla bátnum fyrir eigin vélarafli til hafnar en óskaði eftir að einhver fylgdist með honum til hafnar. Komu tveir bátar á vettvang fljótlega og fylgdu honum inn til hafnar.

Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri sagði að aðkúplað hafi verið þegar atvikið átti sér stað en báturinn ferðlaus;
- að um er að ræða skráðan opinn bát en með fjögur austurop á hvorri síðu. Austurop þessi eru með rennilokum en að sögn skipstjóra eru austuropin opin allan tímann sem báturinn er á sjó. Hæðin frá sjólinu og upp í austuropin hafi verið 20-30 cm;
- að eftir að skorið var á línuna hafi verið um 20 cm jafndjúpur sjór á þilfari bátsins auk þess sem sjór var í stýrishúsi og lúkar. Í lúkar var sjór vel upp á mjóalegg;
- að í bátnum var sjálfvirk tilkynningarkerfi og því voru upplýsingar fyrir hendi í landi um staðsetningu bátsins allan tímann fram að óhappinu;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa þurft að draga neitt af siglingu bátsins úr höfn í Sandgerði og á miðin vegna veðurs

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök atviksins hafi verið óaðgæsla við að hífa í línu sem var föst í botni. Við átakið frá línuvindunni hafi báturinn hallast talsvert og verið þvingaður í sjóinn svo að hann gat ekki fylgt öldunni eftir. Leiddi þetta til þess að það braut á bátnum eins og skeri.

Þess má geta að gæta verður mikillar varúðar við að draga línu sem föst er í botni og ofbjóða ekki bátnum með sterkri fiskilínu og öflugri línuvindu en átökin við hífingu geta hæglega raskað stöðugleika bátsins.

